



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 4. október 2021
2107102HS MEB

Efni: Hagi lóð – Umsögn um deiliskipulagstillögu

Þann 20. júlí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir Haga lóð í Rangárþingi ytra.

Um er að ræða lóðina Haga lóð, landnr. L165214, þar sem gert er ráð fyrir að reisa eitt sumarhús til viðbótar því sem fyrir er á lóðinni, að hámarki 250 m². Þá er gert ráð fyrir byggingu gestahúss, með að hámarki 150 m² gólfleti, smáhýsi undir 40 m² auk fundaraðstöðu með áföstum gestahúsum þar sem hámarksstærð gólfletar er 210 m². Lóðin, sem er 1 ha að stærð, er á svæði sem skilgreint er í landnotkunarflokkinn Verslun og þjónusta (VP26) samkvæmt Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp er meginreglan að koma á sameiginlegu fráveitukerfi í hverfum íbúðahúsa, frístundahúsa, atvinnuhúsnæðis og þar sem fram fer umfangsmikið tómstundastarf nema því verði ekki við komið.

Skv. skipulagsreglugerð nr.90/2013 skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.

Með vísun í ofangreindar reglugerðir er farið fram á frekari útfærslu fráveitna. Gera þarf betur grein fyrir staðsetningu fráveitu á uppdrætti tillögunnar, hvort heldur er fyrirhugaðri eða fyrirliggjandi fráveitu. Þá vantar málsetningu sem sýnir fjarlægð fráveitu frá vatnsbakka.

Ef talin er þörf á að víkja frá meginreglu reglugerðarinnar um sameiginlega fráveitu og skipulagsreglugerð skal fylgja slíkri tillögu rökstuðningur þess efnis sem tekur m.a. til gæða, getu og skilgreiningu viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.



Að lokum er bent á misræmi og ónákvæmni upplýsinga í kafla 1.1. Afmörkun og stærð í greinargerð tillögunnar.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

María Bjarnadóttir
heilbrigðisfulltrúi